

Sp.

434. Skýrsla

[111. mál]

iðnaðarráðherra um raforkuverð til álversins í Straumsvík, samkvæmt beiðni.

Raforkuverð til Ísals 1985.

Ísal greiddi 12,5 mill/kWh fyrir raforku frá Landsvirkjun allt árið 1985, sem er hið samningsbundna lágmarksverð.

Þegar samið var um þriðja viðaukann við rafmagnssamning Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins hf. á árinu 1984 var gerð spá um raforkuverð til Ísals í samræmi við fyrirbyggjandi álverðsspár frá tveimur aðilum, Chase Econometrics of Research Statistics í Bandaríkjunum og James King í Bretlandi. Varð niðurstaðan sú að gera mætti ráð fyrir að meðalverðið til Ísals á árinu 1985 yrði 13,8 mill/kWh.

Varðandi lækkunina á raungildi raforkuverðsins á árinu 1985 vegna lækkunar bandaríkjadollars gagnvart öðrum gjaldmiðlum og vegna alþjóðlegrar verðbólgu leitaði ráðuneytið til Seðlabanka Íslands og er svar bankans birt í sérstakri töflu með þessari skýrslu.

Sé miðað við tímabilið nóvember til október hefur bandaríkjadollar lækkað sem hér segir:

Vegið meðalgengi	6,5%
Gagnvart SDR	5,9%

Á sama tíma hefur framleiðslukostnaður í OECD-löndum hækkað um 3,6%. Sé miðað við þessar forsendur er heildarlækkun á verðgildi dollarans vegna gengisbreytinga og verðbólgu rétt um 10% á tímabilinu.

Horfur um raforkuverð á árinu 1986.

Landsvirkjun endurskoðar áætlanir um orkuverð til Ísals í samræmi við nýjustu spár um álverð eftir því sem þær berast fyrirtækinu. Miðað við nýjustu spár sem Landsvirkjun hefur nú undir höndum um þróun álversins er meðalverðið til Ísals varlega áætlað 12,55 mill/kWh á árinu 1986. Ráðuneytið hefur sjálft ekki lagt mat á spár þessar.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Greiðslujafnaðardeild.

26. nóvember 1985.

Vegið meðalgengi bandaríkjadollars.

Nóvember 1984 = 100.00

(MERM. — I.M.F.)

Ársmeðal- tal 1984	1984		Mánaðarlegt meðaltal 1985									
	Nóv.	Des.	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.
96.4	100.0	102.5	104.6	108.2	109.1	104.6	105.0	103.8	100.1	97.9	98.9	93.5

Gengi bandaríkjadollars gagnvart SDR

Ársmeðal- tal 1984	1984		Nóvember 1984 = 100.0									
	Nóv.	Des.	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.
97.8	100.0	101.0	102.8	104.2	104.0	101.2	101.3	100.6	98.3	97.0	97.5 ¹⁾	94.1 ¹⁾

¹⁾ Bráðbirgðatölur.

Framfærslukostnaður í OECD-löndum

Ársmeðal- tal 1984	1984		Mánaðarlegt meðaltal 1985									
	Nóv. —	Des.	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.
98.4	100.0	100.2	100.7	101.1	101.7	102.3	102.8	103.1	103.2	103.3	103.5*)	103.6*)

*) Áætlun.